

112

28. sept.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, einn valinn af stjórn Verkfræðingafélags Íslands, annar af kennslumálaráðuneytinu, en þann þriðja tilnefni stofnandi sjóðsins, á meðan hann lifir og óskar að nota sér þann rétt, en eftir það sendiherra Íslands eða sá fulltrúi Íslands í Kaupmannahöfn, er fer með málefni landsins þar.

Sá, sem tilnefndur er af stjórn Verkfræðingafélags Íslands, er formaður sjóðsstjórnarinnar.

5. gr.

Stjórnin skal hafa nákvæmt bókhald yfir tekjur og gjöld sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir af kennslumálaráðuneytinu.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvenær úthlutun styrkja fer fram og með hvaða hætti úthlutunin skuli auglýst.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

113

8. okt.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Haralds prófessors Nielssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. október 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Haralds prófessors Nielssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Haralds prófessors Nielssonar, og er hann stofnaður til minningar um Harald prófessor Nielsson á 10 ára dánardegi hans, hinn 11. marz 1938. Sjóðurinn var stofnaður af Háskóla Íslands, en aukinn með gjöfum vina og aðdáenda Haralds Nielssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og undir stjórn háskólaráðs.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins, sem aldrei má skerða, skal ávaxta sem tryggilegast, með því að kaupa fyrir fé sjóðsins bankavaxtabréf veðdeildar Landsbanka Íslands eða önnur álíka trygg verðbréf.

4. gr.

Reikninga sjóðsins skal gera eftir hver áramót, og skal endurskoða þá með sama hætti sem reikninga annara sjóða háskólans og birta í Árbók háskólans.

5. gr.

Af vöxtum eða öðrum arði af eignum sjóðsins skal jafnan ár hvert leggja að minnsta kosti einn fimmta hluta við höfuðstól hans. Afganginum skal eftir nánari ákvörðun háskólaráðs varið til þess að bjóða erlendum eða innlendum fræðimönnum.

um að flytja eitt eða fleiri erindi við háskólann og til útgáfu erinda þeirra á prenti. 113  
 Skulu erindin gefin út jafnóðum á islenzku og, ef ástæða þykir til, einnig á ein- 8. okt.  
 hverju erlendu máli, og skal það ritsafn bera nafn Haralds Níelssonar. Að jafnaði  
 skal reynt að bjóða einum fyrirlesara á hverju ári, en þó er háskólaráði heimilt að  
 láta fyrirlestrahald falla niður eitt eða fleiri ár í senn, ef efnahagur sjóðsins eða  
 aðrar ástæður mæla með því, og má þá leggja saman tekjur fleiri ára til þess að  
 kosta einn fyrirlesara.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og birta hana í Árbók  
 háskólans.

## AUGLÝSING

114

20. okt.

um breyting á reglugerð nr. 32 27. apríl 1938, um stuðning til bænda,  
 er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar.

Aftan við 5. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar komi nýr málslíður svo hljóðandi:

Þó skal þeim bændum, sem ekki hafa getað unnið fyrir úthlutuðum jarðabóta-  
 styrk á árinu 1938, heimilt að vinna fyrir honum á árinu 1939 til viðbótar þeim styrk,  
 sem þeim kann að verða úthlutað á því ári.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 25 13. janúar 1938, til  
 þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga  
 að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. október 1938.*

Skúli Guðmundsson.

*Vigfús Einarsson.*

## REGLUGERÐ

115

25. okt.

um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

## 1. gr.

a-liður 74. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Leið loftlínu skal valin þannig, að þveranir vega, síma eða annara loftlína verði  
 sem fæstar og, að þverunarnhorn séu sem stærst.

## 2. gr.

85. gr. reglugerðarinnar breytist sem hér segir:

a-liður orðist þannig:

Taugar þeirra lína, sem þverast, mega ekki vera festar á sömu stöng.

c-liður orðist þannig:

Forðast skal bugður á lágspennuloftlínu við þverun, ef unnt er, enda skal, ef  
 bugða er, vera tryggt, að vírar lágspennuloftlínu geti eigi lagst á símavíra við það að  
 kúla fer af krók eða benzli vírs losna e. þvl.

e-liður orðist þannig:

Þar sem línurnar þverast skulu gerðar á lágspennulínunni eftirfarandi varúð-  
 arráðstafanir, eftir því hvor við á eða henta þykir, til hlífðar símalínunum: